



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD



Mannfræði

BA-nám

felagsogmannvis.hi.is



Viðfangsefni mannfræðinnar eru fjölbreytt, í rauninni allt sem viðkemur tegundinni Homo sapiens fyrr og síðar. Spurningar mannfræðinga snúast þó einkum um hin mörgu og ólíku samfélög manna, hvað þau eigi sameiginlegt og hvað greini þau að. Áhersla er lögð á að skilja hugmyndir og athafnir fólks og hvaða merkingu þær hafa fyrir það og aðra. Mannfræðin leitast einnig við að svara því hvar og hvenær tegundin varð til, hvernig þróun hennar var háttað og hvað skilji á milli mannsins og annarra tegunda. Að baki þekkingarleit mannfræðinga liggur knýjandi forvitni um það hver við erum, hvað við gerum og hvaðan við komum.

Þau gögn sem mannfræðingar styðjast við í rannsóknum sínum eru fjölbreytileg: Viðtalsgögn, ljósmyndir, upptökur, minniskompur af vettvangi, söguleg gögn, tölulegar heimildir og upplýsingar um líkamsgerð, m.a. erfðaeefni og mannabein. En hvert sem rannsóknarviðfangsefnið er – erfðasaga þjóða, trúarbrögð, hugmyndir um kynþætti og þjóðerni, áhrif loftslagsbreytinga, fjölmenningarlegt samfélag, listsköpun, heilsa eða þróun – einkennist nálgun mannfræðinnar yfirleitt af nálægð við það fólk sem er til umfjöllunar hverju sinni. Oft er um að ræða beina tímabundna þátttöku í lífi annarra, svokallaðar vettvangsrannsóknir. Íslenskir mannfræðingar hafa stundað slíkar rannsóknir í fjölda landa, t.d. Kanada, Grænlandi, Bandaríkjunum, Níger, Gíneu-Bissá, Namibíu, Japan, Rapa Nui, Grænhöfðaeyjum, Spáni, Danmörku, Thailandi, Papúa Nýju Gíneu, Bretlandi, Þýskalandi og Íslandi.

Nám í mannfræði kemur að góðum notum þar sem þörf er á haldgóðum skilningi á menningarlegri fjölbreytni, eðli og merkingu mannglegra samskipta og athafna og líffræðilegum sérkennum og samkennum tegundarinnar. Mannfræðingar starfa m.a. við fjölmiðlun, minjasöfn, innflytjendamál, kennslu, þróunarsamvinnu, friðargæslu og erfðarannsóknir.

BA-nám í mannfræði

- BA-nám er þriggja ára nám. Hægt er að taka mannfræði sem aðalgrein til 180 eða 120 eininga og sem aukagrein til 60 eininga. Boðið er upp á líffræðilega mannfræði sem aukagrein (60e), en um er að ræða þverfræðilegt nám þar sem m.a. eru tekin námskeið í líffræði og fornleifafræði auk mannfræði.
- Á fyrsta ári í mannfræði sem aðalgrein eru nemendum kenndar grunnhugmyndir og hugtök félagslegrar og líffræðilegrar mannfræði. Nemendur læra einnig um rannsóknir mannfræðinga og aðferðir sem þeir nota til að afla gagna og ýmsar kenningar sem þeir beita við greiningu þeirra.
- Á öðru og þriðja ári hafa nemendur val í námi sínu. Meðal valnámskeiða má nefna: Kommon sens- mannfræði skynjunar, Stríðsátök og friðarferli, Afríka í hnattvæddum heimi samtímans, Heilsumannfræði, Umhverfismannfræði, Þjóðernishópar, Börn og barnæska, Sjónræn mannfræði, Líkami og samfélag, Mannfræði lista, Mannfræði stjórnmála, Kynjamannfræði, Mannfræði Íslands og Alþjóðleg þróunarsamvinna fyrir og eftir 11. september.

Félagslífið

Homo er félag mannfræðinema við Háskóla Íslands og stendur fyrir hinum ýmsu skemmtunum og uppákomum til að létta nemendum lífið í lestrarhléum. Heimasíða nemendafélagsins: Nemendafelag.hi.is/homo.





*Aftari röð frá vinstri: Unnur Dís Skaptadóttir, Sveinn Eggertsson, Gísli Pálsson, Agnar Helgason.
Fremri röð frá vinstri: Kristín Loftsdóttir, Helga Björnsdóttir, Jónína Einarsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Halla María Halldórsdóttir, verkefnisstjóri námsbrautar.*

Fastráðnir kennarar í mannfræði

Agnar Sturla Helgason, rannsóknaprófessor, agnarh@hi.is

Gísli Pálsson, prófessor, gpals@hi.is

Jónína Einarsdóttir, prófessor, je@hi.is

Kristín Loftsdóttir, prófessor, kristinl@hi.is

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, prófessor, sduna@hi.is

Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor, unnurd@hi.is

Sveinn Eggertsson, dósent, sveinne@hi.is

Helga Björnsdóttir, aðjúnkt, helgabj@hi.is



Skrifstofa Félags- og mannvísindaeildar · Gimli v/Sæmundargötu · 101 Reykjavík · sími: 525 5444 · fom@hi.is www.felagsogmannvis.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD